

55

4. gr.

31. maí

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

56

L Ö G

31. maí

um

X X

skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 5. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús, höfum látið fella meginmál þeirra inn í texta laganna frá 1923, og gefum þau hjermeð út svo breytt sem lög um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

X

1. gr.

Í öllum kaupstöðum landsins, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðgangi er seld að.

2. gr.

Þessar skemtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur.

- a. Hljómleikar og söngskemtanir,
- b. Sjónleikar,

- c. Fyrirlestrar og upplestrar.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Tombólur, í hverju skyni sem haldnar eru.

56

31. maí

Af skemtunum er til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af andvirði seldra aðgöngumiða. Af tombólum greiðist sami skattur, einnig af andvirði seldra happdrátta.

2. flokkur.

- a. Dansleikar allir, hvort sem einstök fjelög eða dansskólar stofna til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, ennfremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi fjelag dansleik og sje aðganga ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

Eigandi húsnæðis þess, er dansleikur er haldinn í, ber ábyrgð á greiðslu skattsins.

- b. Danssýningar.
- c. Loddarasýningar.
- d. Fjölleikasýningar.
- e. Aðrar almenningar skemtunar, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar sjerstaklega.

Af skemtunum þeim, er til þessa flokks teljast, greiðist 20% skemtanaskattur.

3. flokkur.

Af hverju knattborði (billiard) fyrir almenning eða fjelög greiðist 30 kr. skemtanaskattur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem knattborðið er notað handa almenningi eða fjelögum. Gjaldalagi á skattinum er síðasti dagur hvers mánaðar.

Skattinn greiðir eigandi knattborðs, enda er knattborðið að veði fyrir skattinum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum í eitt ár frá gjalddaga skattsins.

Nú eru fleiri en eitt knattborð í sama húsnæði, og er þá nægilegt, að eitt sje notað til að öll sjeu skattskyld.

3. gr.

Undanþegnar öllum skemtanaskatti eru þessar opinberar skemtunar:

- a. Ódýrir fræðandi fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fje, svo sem stúdentafjelagsfyrirlestrar.
- b. Skemtunar, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málafna, er miða að almenningsheill.
- c. Af innanfjelagsskemtunum, sem aðeins eru fyrir fjelaga og gesti þeirra, greiðist enginn skattur, en sannist það, að utanfjelagsmenn

56
31. maí

- hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemtunum, skal það skoðast sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemtun eftir 2. gr. 2. flokki.
- d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sjeu fyrir nemendur og kennara eina, ásamt gestum þeirra.

4. gr.

Til að halda skemtun, sem aðgangur er seldur að, skal fá leyfi lögreglustjóra, og skal tilkynna honum, hvar og hvenær hún skuli haldin.

5. gr.

Lögreglustjóri innheimtir skemtanaskattinn og fær 2% í innheimtulaun. Um innheimtuna fer eftir reglugjörð, er stjórnarráðið semur.

6. gr.

Skemtanaskatturinn rennur í sjerstakan sjóð, „Þjóðleikhússjóð“. Honum skal varið til þess að koma upp „Þjóðleikhúsi“ í Reykjavík og til að styðja sjónleika, sem sýndir verða að staðaldri í því húsi. Stjórn þessa sjóðs hafa á hendi þrír menn, valdir af kirkju- og kenslumálaráðherra, úr hóp þeirra manna, sem vænta má, að kunnugastir sjeu leikment. Nefnd þessi starfar ókeypis. Auk þess að ávaxta þjóðleikhússjóðinn skal nefndin hafa með höndum allan undirbúning undir byggingu leikhússins. Kirkju- og kenslumálaráðherrann hefir eftirlit með störfum nefndarinnar.

Ríkið leggur til ókeypis lóð á Arnarhólstúni.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—500 kr., og skal farið með þau mál, sem út af þeim rísa, sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927, og eru með þeim úr lögum numin ákvæði laga nr. 34, 22. nóv. 1918, og reglugerða, sem á þeim lögum eru byggðar, að því leyti, sem þau fyrirmæli snerta kaupstaði, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.